



Sælir gestir Menningarnætur!

Nú er Menningarnótt á næsta leiti og undirbúningur stendur sem hæst. Það stefnir allt í afar viðburðaríka, fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem borgarbúar hafa lagt mikið á sig til að skapa saman og vonast er til að höfði til sem flestra.

Langar aðstandendum Menningarnætur að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru staðsett á eftirfarandi stöðum

- Skúlagötu
- Við Tækniskólann
- Neðst á Túngötu (við hornið á Suðurgötu)

Þessi bílastæði eru eingöngu fyrir P merkta bíla og verða auglýst sem slík.

Aðgengi inn á hátíðarsvæði

Miðborgin er lokuð allri bílaumferð nema fyrir þá sem hafa til þess leyfi, en þó með ákveðnum takmörkunum. Mannaðar lokanir eru á þó nokkrum stöðum en veita þeim bílum aðgengi sem eru með P-merki fyrir hreyfihamlaða.

Staðsetning mannaðra lokanna eru eftirfarandi:

- Sæbraut/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Skúlagötu)
- Eiríksgata/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Tækniskólann)
- Túngata/Garðastræti **aðeins innakstur** (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)
- Túngata/Ægisgata (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)
- Geirsgata/Ægisgata kl. 18-22.

Ferðapjónusta fatlaðra

Tekin hafa verið frá 3 stæði í borginni fyrir ferðapjónustuaðila og er **Ferðapjónustu fatlaðra** er heimilt að nýta þau. Stæðin er ekki ætluð til að leggja í heldur einungis til þess að taka á móti og skila af sér farþegum.

Stæðin eru á eftirfarandi stöðum.

- Við Hallgrímskirkju
- Við Túngötu (við Landakotskirkju)
- Við Skúlagötu

Að auki ekur ferðapjónustan að og frá BSÍ.

Salernisaðstaða

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru staðsett á eftirfarandi stöðum.

- Á horni Bergþórugötu og Frakkastígs
- Hverfisgötu 23 (við Lýðveldisgarð)
- Í Hljómskálagarði
- Í Ráðhúsinu – opið til kl. 20.00.
- Í Hörpu – opið til kl. 23.00.
- Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi – opið til kl. 23.00.
- Listasafni Íslands – opið til kl. 22.00.
- Sjóminjasafnið - opið til kl. 22.00.

Dagskrá

Dagskrá Menningarnætur er aðgengileg á www.meningarnott.is, þar eru viðburðir flokkaðir eftir hverfi og tíma svo auðvelt er fyrir alla að skipuleggja sig áður en lagt er af stað að heiman með tilliti til bílastæða og hvaða viðburðir vekja athygli.

Hér fyrir neðan er Hátíðarkort Menningarnætur 2017.

Góða skemmtun!

Viðburðardeild Höfuðborgarstofu



-  Akstur bannaður, lokanir gilda kl. 7:00-2:00
-  Útisvið
-  Aðsetur lögreglu, slökkviliðs og týndra barna
-  Salerni
-  Bilastæði fyrir hreyfihamlaða
-  Salerni fyrir hreyfihamlaða
-  Flugeldasýning
-  Leigubílar
-  Stæði fyrir rútur
-  Strætó
-  Upplýsingar
-  Möguleg bilastæði
-  Aðgengi Landspítalans er um Snorrabraut/Eiríksgötu
-  Akstur út af hátíðarsvæði
-  Akranesferja
-  Hafnarssvæði lokað meðan á flugeldasýningu stendur
-  Reiðhjólstæði

UPPLÝSINGAR
 Þjónustusími 411 1111 er opin kl. 8:00-23:00

STRÆTÓ
 Strætó eður að og frá Hlempi og Gömlu Hringbraut (BSI). Strætósímtöl aka til og frá bilastæðum við Borgartún að Hallgrímskirkju með viðkomu á Hlempi frá kl. 07:30-01:00

NÁNAR Á MENNINGARNOTT.IS OG STRAETO.IS

